



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

595. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 20. janúar 2025
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007

Áframhaldandi umræður frá 593. fundi stjórnar. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna sem verður í sameign sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Þá kynnir Birgir Björn Sigurjónsson fjárhagsmálefni nýs félags en þau verða m.a. kynnt frekar fyrir fjármálastjórum sveitarfélaganna á sérstökum fundi.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður. Lagt fram til kynningar.

2. Umsagnir þingmála - 1910005

Framhald umræðna frá 594. fundi en þá var ákveðið, í tengslum við öflun tillagna um hagræðingarúrræði og nýjan stjórnarsáttmála, að vinna drög að erindi eða umsögn til ráðherra ríkisstjórnarinnar um áherslur SSH gagnavart ríkinu. Umfjöllun SSH skuli lúta sérstaklega að málaflokki þjónustu við fatlað fólk og mikilvægi þess að kostnaðarmat sé framkvæmt til samræmis við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þegar fyrirséð er að tillaga að lagafrumvarpi, stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda hafi fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög.

Fyrirliggjandi eru drög að umsögn SSH vegna framangreinds.

Niðurstaða:

Umræður. Umsagnardrögin eru lögð fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að fullgera þau í samráði við stjórn.

3. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Ráðgjafar KPMG kynna drög að sóknaráætlun 2025-2029 og tillögur að



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

áhersluverkefnum hennar. Framhald frá umræðum 594. fundar, fundar samráðsvettvangs 1. nóvember 2024 og sérstaks vinnufundar um sóknaráætlun sem haldinn var 6. desember 2024.

Gerð er tillaga um að sóknaráætlun verði send til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda.

Gestir

Sævar Kristinsson ráðgjafi KPMG

Lilja Ósk Alexandersdóttir ráðgjafi KPMG

Niðurstaða:

Umræður. Stjórn samþykkir að fyrirbyggjandi sóknaráætlun verði send til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda að gerðum ákveðnum breytingum til samræmis við umræður fundarins.

4. Samstarf um uppbyggingu á sérskóla á grunnskólastigi - 1903001

Umræður um framhald þessa verkefnis en á 552. fundi var eftirfarandi bókað vegna þess:

"Ofangreint var til umræðu á 537. fundi stjórnar SSH hinn 7. mars 2022 og ákveðið að veita 750.000 kr. af verkefnaði fjárhagsáætlunar SSH 2022 til greiningar á fýsileika samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu sérskóla á grunnskólastigi. Unnið hefur verið að málinu síðan, en sbr. fyrirbyggjandi minnispunkta er nú að störfum sérstakur stýrihópur sem er með til skoðunar tillögur um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Er því lagt til að beðið verði með frekari skoðun á fýsileika samstarfs þar til stýrihópurinn hefur lokið störfum."

Skýrsla framangreinds stýrihóps liggur nú fyrir en tekur ekki með sértækum hætti á þessu atriði. Fyrirbyggjandi eru minnispunktar frá stöðufundi um málið frá árinu 2023.

Niðurstaða:

Umræður. Framangreint verði sent Skólamálanefnd SSH til frekari umræðu og greiningar á því hvort þörf sé á samstarfi við uppbyggingu sérskóla á grunnskólastigi, vegna barna með fjölþættan vanda og barna með fjölþættan hegðunarvanda. Er framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir þar.

5. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirbyggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 17. desember 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026